

Sigrún Björnsdóttir
kt. 190956 5399
Hávallagata 1
101 Reykjavík

5. nóvember 2014

**Athugasemd vegna áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (Hvammsvirkjun)
244. mál þingsályktunartillaga 9.10. 2014. Þingskjal 273, umhverfis- og
auðlindaráðherra.**

Sú tillaga sem nú liggur fyrir er bæði vanhugsuð og pólitískur hráskinnaleikur til þess eins sett fram til að opna fyrir framkvæmdir við svokallaða Hvammsvirkjun sem á að framleiða raforku til stóriðjufyrirtækis í eigu fjölpjódlegra fyrirtækja. Gild rök lágu og liggja enn fyrir því að þessi virkjunarkostur sé í biðflokki Rammaáætlunar, enda liggur ekki fyrir ítarleg greining eða mat á náttúruverðmætum svæðisins, félagslegum afleiðingum virkjunar, vistfræðilegum og fagurfræðilegum verðmætum í Þjórsárdal, kostum við mögulega uppbyggingu grænnar atvinnustarfsemi og siðferðislegt gildismat á fórnarkostnaði við virkjun samanborið við friðun. Færa má fyrir því gild rök að það svæði sem um ræðir eigi að vera í verndarflokki en ekki í biðflokki eins og verið hefur og til stendur að breyta. Ég hef áður gert grein fyrir nokkrum röksemdum þar að lútandi, m.a. vegna þingsályktunar um Rammaáætlun, og verða þau hér ítrekuð og viðaukin.

Þjórsárdalurinn er vistfræðileg heild

Líta má á það svæði sem verið er að færa til í Rammaáætlun sem vistfræðilega heild sem hefur fengið að þróast um aldir. Í þeirri heild er Þjórsá lífæð og fagurfræðilegur strengur. Þessi vistfræðilega heild nær til gróðurfars, ræktarlands, dýra- og plantna, laxagengdar og fjölbreytts og marglaga lífríkis. Kynslóðir manna hafa borið tilfinningar til þessarar heildar, til landsins, árinna og landslagsins. Þær hafa lifað af og í þessu landi og skilað því heilu til næstu kynslóðar. Þannig býr landið og landslagið yfir minjum og margvíslegum vistfræðilegum tengingum í sambúð manns og náttúru, tengingum sem byggja á tilfinningum og aldagamalli menningu. Í raun er Þjórsárdalur sem vistfræðileg heild kennslubókardæmi í margbreytileika lífríkis, jarðsögu, sögu íslenskrar byggingarlistar, gróðurfari, búnaðarháttum og menningu. Um þessa vistfræðilegu heild, minjar, tilfinningar og tengsl ber stjórnáráðgjöfnum að standa vörð og vernda til framtíðar.

Sá virkjunarkostur sem nú er á teikniborðinu í mynni Þjórsárdals og nefndur hefur verið Hvammsvirkjun mun valda óafturkræfum skaða á hinn einstöku náttúru Þjórsárdals, á vatnasvæði Þjórsár, landslagi, leiðum manna og skepna og margbreytileika lífríkisins. Það land sem færi undir lónstæði svokallaðs Hagalóns væri um 175 hektarar af gróðurlendi, 6 hektarar af votlendi og 8 hektarar af landi vegna frárennslisskurðar. Þá yrði óhjákvæmilega mikið rask á ræktarlandi og árfarvegi sem færi undir mannvirki er heyra til virkjana, s.s. vega og brúarstæða.

200 þör mófugla myndu missa varplönd vegna Hagalóns og gæsavarp í Hagaey mun hverfa. Alls verpa 43 tegundir fugla á því landi sem yrði fyrir áhrifum vegna virkjunar á þessum stað. Í Viðey í Þjórsá sem fara myndi undir stífluvatn er einstakt gróðurfur sem

segir sína sögu um plöntuvöxt í alfriðuðu umhverfi á þessu svæði. Þá er ónefnd hætta á jarðvegsfoki sem jafnan fylgir lónstæðum, svo og rofahætta á grónu landi.

Fari svo að skammsæ virkjunaráform verði ofan á mun umhverfi sjálfrar Þjórsárar og rennsli gjörbreytast, þrjú virkjanalón eru fyrirhuguð og rennsli í ánni fram hjá virkjunum og lónum mun verða stýrt og á tímum allt að tífaldast. Það þýðir að allt lífríki á bökkum árið eins og hún er nú verður að mestu lagt í rúst og vatnafarinu breytt með afdrifaríkum hætti.

Sögulegt landslag neðan Gaukshöfða mun raskast, allt niður að Ölmóðsey í Þjórsá, á alls um röskegla 9 km. svæði. Lyng- og birkigrónar eyjar færu á kaf og árfarvegi Þjórsár og vatnafari yrði spillt. Það hefði ekki einungis áhrif á laxagengd stærsta laxastofns landsins, heldur væri með lónstæði á þessum stað í raun verið að raska framburði til sjávar og valda róttækum breytingum á gæðum vatns og sjávar, hitastigi, búsvæðum fiska og lindýra, fugla og annarra lífvera.

Allt þetta er andstætt hugmyndafræði sjálfbærni, verndun margbreytileika lífríkis og uppbyggingu vistvænnar ræktunar og ferðamannaþjónustu.

Þannig yrði með nýtingu í stað friðunar ekki einungis verið að raska landi og spilla gróðri heldur ráðist gegn vistkerfi og einstöku lífríki Þjórsár og Þjórsárdals. Látum það ekki gerast, óskert náttúrufar á þessu svæði er verðmætara þegar til framtíðar er lítið en enn ein vatnsaflsvirkjunin og lónstæði í byggð.

Þjórsárdalurinn er samfélagsleg heild

Samfélagið við neðri hluta Þjórsár, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er strjálbýl sveit með litlum þjónustukjörnum. Ræktun og búskapur á þar langa sögu og sveitarsamfélagið hefur kynslóðum saman verið heild með samtryggingu og samstöðu, svo sem í stornasamri sambúð við Heklu. Í þessu samfélagi er maðurinn hluti af landinu og því sem það gefur. Nú þegar hafa virkjunaráform haft neikvæð félagsleg áhrif á samfélagið, sem gengur þvert á yfirlýst markmið með rammaáætlun. Stöðugur ágangur og ásælni Landsvirkjunar með kaupum á jörðum og veiði- og vatnsréttindum hefur ekki einungis sett samfélagið í uppnám, heldur sundrað fjölskyldum og svipt fólk lífsviðurværi og þeirri tengingu við landið sem byggir á tilfinningum og ættarsögu.

Ekki skal vanmeta félagsleg áhrif virkjana í litlum og viðkvæmum sveitasamfélögum og mikilvægt að í rammaáætlun sé fremur tekið tillit til þeirra þátta sem hlúa að góðu mannlífi í landinu. Við Þjórsá eru allar forsendur til að byggja samfélag í anda sjálfbærrar þróunar án náttúrufórna af þeirri stærðargráðu sem felast í þeim nýtingar/virkjunarkostum sem teiknaðir hafa verið upp, hvort heldur með Hvammsvirkjun, Holtavirkjun eða virkjun Urriðafoss. Brýnt er því að ekki verði frekar grafið undan því sem þar hefur verið byggt upp í sjálfbærri ferðamannaþjónustu eða sjálfbærri ræktun.

Samfélags- og félagsleg áhrif hafa lítið verið rannsökuð og engar slíkar rannsóknarniðurstöður liggja fyrir hér á landi sem rammaáætlun getur byggt á þegar virkjunarkostum er forgangsraðað. Því síður liggja fyrir samanburðarrannsóknir á félagslegum áhrifum virkjana, annars vegar í byggð og hins vegar í dreifðum byggðum.

Því er ótímabært að færa þetta svæði innan flokka Rammaáætlunar. Þess í stað ætti að breyta sjónarhorninu við mat á gildi og gæðum þeirrar náttúru sem til stendur að fórna, líta til nýrra aðferða og fræða, s.s. þeirra sem byggja á kenningum Aldo Leopold og Arne Naess þar sem litið er á manninn sem hluti af landinu, hluta af líffræðilegri heild og lífrænu samfélagi.¹

Þjórsárdalurinn er fagurfræðileg heild

Náttúrufegurð eru sameiginleg gæði í hverju samfélagi. Þau tengjast mannlífi og menningu og eru bundin siðferðilegu gildismati hverrar kynslóðar. Þau grundvallast á sameiginlegum skilningi á fegurð, sögu og menningararfi sem býr í landslaginu, því sem tengir saman menn og samfélag og er vert að sýna öðrum sem sameiginleg gæði. Áform um virkjun á umræddu svæði stefnir þeirri fegurð og þeim gæðum í voða.

Í Þjórsárdag er verið að byggja upp ferðaþjónustu við Hjálparfoss, Stöng, Gjá og upp með Þjórsá sem skartar fallegri fossaröð upp á afrétti. Í þessu liggja framtíðartækifæri í vistvænni ferðamennsku með mörgum gönguleiðum og áhugaverðum áningastöðum sem segja sögu lands og þjóðar. Virkjun neðan Gaukshöfða í mynni dalsins rýfur þá fagurfræðilegu heild sem ferðalag upp dalinn er og spillir náttúruupplifun ferðamanna. Landslag og náttúrufar í dalnum hefur margvíslegar tengingar við sögu þjóðarinnar sem vert er að sýna óspillt, og nægir þar að nefna Viðey, Gaukshöfða og útsýni til Heklu. Þetta er menningarlandslag sem byggir á tengingum manns og náttúru og leggja má til grundvallar vistvænni ferðaþjónustu.

“Ég vaknaði klukkan sex annan mánudag ágústmánaðar. Alheiðríkt var og blæjalogn, aðeins þokuband neðst á austurfjöllum, en Hekla, Tindfjallajökull og Eyjafjallajökull böðuð í morgunsólinni. Bjölfell, Selsundsfall, Þríhyrningur og Þjórsá nutu sólarinnar, en Hagafjall skyggði enn á sólina, svo að bærinn og túnin voru í skugga. Fljótlega komst sólin upp fyrir fjallsbrúnina. Fegðurðin varð algjör. Þjórsá sem oft er skollituð af jökulframburði sýndist blá. Sker, skógarhólmar og Hagaey blöstu við mér úr suðurglugganum.

Ég var með sjónauka og sá fuglana lyfta sér til flugs upp á túnin. "kvikar allt af kæti, kringum gamla bæinn. Líf og gleðilæti langan sumardaginn."

Mér varð hugsað til Landsvirkjunar sem ef til vill sekkur svo túnnum í Haga, á þessari fallegu landnámsjörð, að ekki verður búandi hér lengur - og engin situr við glugga og dáist að fegurðinni, eða nýtur góðs af gæðum jarðarinnar. Það er mikið vald sem fáeinir gróðahyggjumenn taka sér."

Jóhanna Jóhannsdóttir í Haga 97 ára.

Mig langar að gera þessi orð Jónu í Haga frá árinu 2007 að mínum. Ég vil að komandi kynslóðir fái að búa við og njóta sömu lífsgæða og sömu óspilltu náttúrufegurðar og hún.

¹ Aldo Leopold – The Land Ethic, sbr; “The Land ethic simply enlarges the boundaries of the community to include soil, waters, plants and animals, or collectively; the land.”

Arne Naess – The Deep Ecology Movement, Ecology, community and lifestyle.

Þjórsárdalurinn er sagnfræðileg heild

Þjórsárdalur geymir miklar heimildir um Íslandssöguna, bæði þegar litið er til skrifaðra heimilda og þeirra sem náttúran geymir og hefur skrásett í jarðlögin. Okkur ber að hlusta á þessa sögu og segja hana öðrum.

Fyrst ber að nefna merkar minjar frá söguöld í dalnum, svo sem húsarústir og aðrar mannvistarleyfar. Í þeim rústum og gróðurfari í dalnum má lesa sambúð manna og eldgosa í gegnum aldirnar enda hefur Þjórsárdalur lengi verið viðfangsefni fornleifarannsóknna. Rústir af fjölmörgum bæjum hafa þegar verið rannsakaðar og skráð hvar bær stóðu í horfinni byggð. En rannsóknum er ekki lokið og margt er enn á huldu um hvernig húsagerð á söguöld og fram á miðaldir þróaðist og af hverju byggðin í dalnum fór í eyði. Bærinn Stöng er dæmi um fyrsta skrefið sem tekið hefur verið til að gera þessa sögu sýnilega, enda er heillandi að ferðast um jafn fallett land og Þjórsárdal og fræðast um fortíðina og þær ógnir sem steðjuðu að íbúum dalsins þegar Hekla gaus. Það má byggja á því sem þegar hefur verið gert með vistvænni ferðaþjónustu, s.s. með gönguleiðum á milli hinna fornu bæja, með frekari uppbyggingu húsa í anda sögualdar o.s.frv.

Þjórsárdalur geymir líka ættarsögur, sögur um skógnýtingu, sauðfjárrækt, sögur um virkjunardrauma Einars Benediktssonar, þjóðsögur skráðar og óskráðar, sögur af bændum og búaliði öldum saman. Í landinu eru óteljandi vísanir í mannlíf og menningu sem virkjunaráform geta spillt og nægir þar að nefna fræga mynd á peningaseðli af fjallsafninu milli Bringu og Gaukshöfða. Í Þjórsárdal lá hin forna þjóðleið milli Suður- og Norðurlands um Sprengisand.

Það væri skammsýni að láta orkufreka stóriðjdrauma spilla uppbyggingu ferðaþjónustu í anda sjálfbærrar þróunar, eyðileggja búskapartækifæri, tún, kjarr og hólma í þessari sögufrægu sveit við hálendisbrúnina.

Að lokum

Aldo Leopold segir að við getum einungis breytt siðferðilega gagnvart því sem við berum tilfinningar til, skiljum, elskum eða höfum trú á. Ég er sammála. Tilfinningarnar geta verið margs konar, það þarf að kveikja þær og rækta, en þær eru fullgild rök í umhverfis- og náttúruvernd. Líta verður til vistfræðilegra heilda, land er ekki bara land heldur allt sem það geymir; fagurfræði, tilfinningar, sögu, orku og líf. Það hefur langtímagildi að láta vistfræðilega heild eins og Þjórsárdal ósnortna, það hefur gildi að elska land sem er raunverulegt ríkiðæmi til framtíðar.

Plagg eins og rammaáætlun sem stjórnámálamenn ætla nú að breyta sýnir hversu leikreglur lýðræðisins virðast duga skammt í náttúru- og umhverfisvernd. Þær reglur virða ekki “viðkvæman vef” tilfinninga og lands.² Þær virða ekki rétt náttúrunnar, ekki rétt borgarans til óspilltrar náttúru, ekki rétt komandi kynslóða til náttúrugæða. Þær má beygja og sveigja í krafti valds og eignaréttar. Hugmyndir um sjálfstæðan rétt náttúrunnar og réttindi manns til óspilltra náttúrugæða, án tillits til eignarhalds, eigi að miða að grundvallarréttindum sem þarf að tryggja í stjórnarskrá og alþjóðalögum.

Ef rammaáætlun á að standa undir nafni sem áætlun um náttúruvernd þarf að forgangsraða í þágu þeirra sem virða náttúruna, þeirra sem ætla að yrkja hana í anda sjálfbærni, þeirra

² Samanber ljóð Lindu Vilhjálmsdóttur, Sáttmáli 2003.

sem ætla að vernda hana til frambúðar. Að öðrum kosti er verið að ganga gegn mannréttindum og lífsgæðum komandi kynslóða.

Allt sem ég hef hér upptalið eru rök fyrir því að sá kostur nýtingar/virkjunar sem um ræðir og kallaður hefur verið Hvammsvirkjun, verði alfarið tekinn af borðinu.